

35. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 19. ágúst 2014, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Preben Jón Pétursson, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Rekstrarniðurstöður m.v. 6 mánuði

Fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðu rekstrar eftir 6 mánuði. Reksturinn er vel innan marka og allar líkur á að niðurstaða ársins verði jákvæð.

2. Dagsetning funda vetrarins

Skólameistari lagði fram tillögu að fundum vetrarins. Tillagan samþykkt.

3. Tengsl við atvinnulíf

Skólameistari kom inn á rannsókn Þuríðar Jóhannsdóttur á skólanum út frá hugmyndinni um „place based education,“ og kastaði fram spurningunni um hver tengsl skólans við atvinnulífið ættu að vera. Tilfinning starfsmanna skólans er að tengslin séu góð en ekki hefur verið gerð athugun á því. Því vaknar upp spurningin um í hverju slík tengsl felast eða eiga að felast. Hvað telst t.d. til atvinnulífs? Umræður sköpuðust m.a. um framtíðarsýn, t.d. sveitarfélaganna; hvers konar fólk kemur til með að vanta í framtíðinni. Einnig rætt um að erfitt sé að stýra fólki nákvæmlega inn í það sem samfélagið skortir hverju sinni. Miklar breytingar eru í gangi í samfélaginu og nauðsynlegt að vera vakandi og halda umræðunni opinni. Allar hugmyndir eru vel þegnar og nefndarmenn hvattir til að senda hugmyndir sínar til skólameistara.

4. Yfirlit yfir samninga sem eru í gildi

Skólameistari lagði fram yfirlit yfir hvaða samningar hafa verið gerðir. Margir þeirra eru reyndar að renna út og þarfnast endurnýjunar.

5. Upphaf haustannar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir innritunartölum í upphafi haustannar. Innritaðir nemendur eru nú 208, 143 í dagskóla og 65 í fjarnámi.

6. Önnur mál

6.1 Minnisblað skólameistara til bæjaryfirvalda í Fjallabyggð

Skólameistari lagði fram minnisblað sitt til bæjaryfirvalda í Fjallabyggð vegna húsnæðis skólans. Þar koma fram hugmyndir um nýtingu viðbyggingar við Menntaskólann á Tröllaskaga. Skólameistari var boðaður til viðræðna við bæjarráð Fjallabyggðar og samþykkt var að setja á stofn vinnuhóp um húsnæðismál skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:17.

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir